

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2024, þriðjudaginn 10. september var haldinn 424. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 7:33. Mættir: Kristín Thoroddsen Hafnarfirði, Elísabet Berglind Sveinsdóttir Kópavogi, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Bjarni Theódór Bjarnason Garðabæ og Sævar Birgisson Mosfellsbæ. Þorvaldur Daníelsson tók sæti á fundinum með rafrænum hætti. Jafnframt: Magnús Árnason, Andrés B Andreasen, Eiríkur Björn Björgvinsson og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram innviðagreinings VSÓ dags. í janúar 2023 á skíðasvæðinu í Skálafelli.

Einar K Stefánsson VSÓ situr fundinn undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 3. sept. 2024 þar sem vísað er til samstarfsnefndarinnar skýrslu verkefnahóps um uppbyggingu á skíðasvæðinu í Skálafelli dags. júní 2024 unnin af VSÓ.

Lögð fram eftirfarandi bókun:

Samstarfsnefndin leggur áherslu á að þeim framkvæmdum sem voru fyrirhugaðar í Skálafelli samkvæmt samstarfssamningi sveitarfélaganna verði frestað í það minnsta um tvö til þrjú ár. Samstarfsnefndin telur eðlilegt að ekki verði frekari greining gerð í Skálafelli fyrr en að 2-3 árum liðnum. Samstarfsnefndin leggur til við SSH að skoðað verði og tekin ákvörðun um áframhaldandi vinnu við að styrkja innviði á Bláfjallasvæði í samræmi við sáttmála frá 2018. Samstarfsnefnd leggur til að verkefnahópurinn geri grein fyrir greiningu á verkefnum og kostnaðarmati á Bláfjallasvæði.

Einar K. Stefánsson VSÓ situr fundinn undir þessum lið.

3. Lögð fram drög að gjaldskrá fyrir skíðasvæðin 2025. Til umræðu.
4. Lögð fram drög að fjárhagsáætlun 2025. Til umræðu.
5. Lagt fram 7 mánaða rekstraruppgjör skíðasvæðanna.
6. Lagt fram minnisblað forstöðumanns dags. 9. sept. 2024 um stöðuna í fjöllumunum. Í sumar voru snjógirðingar endurbættar ásamt því að settar voru nýjar girðingar tengdum nýjum skíðaleiðum. Norðurleið var breikkuð ásamt færslu lýsingar og uppsetningu og niðurrifs diskalyftu. Landmótum á toppi norðurleiðar og endurbætur á ræsunarkerfi á skíðagöngusvæði.

Fundi slitið kl. 09:00

Kristín Thoroddsen

Þorvaldur Daníelsson
Elísabet Berglind Sveinsdóttir
Bjarni Theódór Bjarnason

Sævar Birgisson
Magnús Örn Guðmundsson